

Fundur í skólanefnd Kvennaskólans í Reykjavík haldinn föstudaginn 22. nóvember 2019 kl. 15:00 á skrifstofu skólameistara að Fríkirkjuvegi 9, 2. hæð.

Mætt voru: Örn Þórðarson aðalfulltrúar Reykjavíkurborgar
Eiríkur Orri Agnarsson,
Sjöfn Þórðardóttir, fulltrúar mennta- og menningamálaráðuneytisins
Haraldur Gunnarsson, áheyrnarfulltrúi starfsmanna
Hekla Hlíðkvist Hauksdóttir, áheyrnarfulltrúi nemenda
Sólveig Franklínisdóttir, áheyrnarfulltrúi foreldraráðs
Hjalti Jón Sveinsson, skólameistari
Guðný Rún Sigurðardóttir, fjármálastjóri sem ritaði fundargerð.
Eva Einarsdóttir, formaður og Stefán Hilmarsson voru fjarverandi.

Skólameistari setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fréttir af skólastarfinu.

Skólameistari fór yfir verkefni haustannarinnar. Mikil vinna unnin í mati á innra starfi.

2. Ytra mat Menntamálastofnunar á starfi Kvennaskólans og viðbrögð við þeim.

Skólameistari greindi frá ytra matinu, af hverjum unnið og til hvers. Menntamálastofnun framkvæmir mat á skólastarfinu á fimm ára fresti fyrir hönd Mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Fundarmenn færðu sig í kennslustofu fyrir efnafræði þar sem Björk Þorgeirsdóttir námstjóri tók á móti hópnum til að kynna niðurstöður ytra mats. Fór yfir vinnubrögð við gerð matsins bæði innanhúss og frá matsaðilum, hvernig lagt er mat á einstaka þætti. Hverjum kafla matsins lokið með niðurstöðum um styrkleika og tækifæri til umbóta.

Fjórlegar umræður og gagnlegar um niðurstöður matsins.

Spurt um samanburð við aðra skóla sem hafa farið í gegnum ytra matið. Upplýsingar um ytra mat annarra skóla liggur á heimasíðu Menntamálastofnunar.

Spurt um gögn sem safnað var vegna matsins – hversu persónugreinanlegar þær eru t.d. frá Hagstofunni – sem þær eru ekki, engin nöfn, einungis fjöldatölur um nemendur; eru í námi, hafa útskrifast.

Eina kerfið sem notað er í skólanum til upplýsingamiðlunar um kennslu og nám er kennslukerfið Inna, þar fer öll upplýsingaöflun fram bæði fyrir nemendur, foreldra og kennara.

3. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Næsti fundur ekki ákveðinn en stefnt að því að halda hann um miðjan febrúar 2020.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:15.